



**Stjórnarfundur
Landssambandsstjórnar Delta Kappa Gamma á Íslandi**

**Haldinn á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar
21. ágúst 2009 kl. 17:00 – 19:00**

Ingibjörg Jónasdóttir landssambandsforseti bauð stjórnarkonur velkomnar á fyrsta fund stjórnarinnar.

Dagskrá:

1. Kynning á nýrri stjórn
2. Nefndir
3. Evrópuþingið í Osló
4. Fundur Landssambandsforseta Evrópuríkja
5. Þema frá alþjóðasambandsforseta
6. Framkvæmdaáætlun fyrir 2009-2011
7. Framkvæmdaráðsfundur 22.ágúst 2009
8. Önnur mál

1. **Kynning á nýrri stjórn.** Stjórnarkonur landssambandsstjórnar DKG á Íslandi árin 2009 til 2011 kynntu sig, þær eru:

Forseti: Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild
1. varaforseti: Sóley Halla Þórhallsdóttir, Þetadeild
2. varaforseti: Steinunn Guðmundsdóttir, Jótadeild – ekki mætt
Ritari: Ingibjörg Auðunsdóttir, Betadeild
Meðstjórnandi: Steinunn Ármannsdóttir, Alfadeild

Ingibjörg Jónasdóttir, landssambandsforseti bað stjórnarkonur áður en lengra væri haldið að hugsa um það hvað við værum að gera í samtökunum? Af hverju sögðum við já við því að sitja í landssambandsstjórn DKG? Hvað viljum við sem stjórnarkonur? Hvað viljum við að sjáist eftir okkur að tveimur árum liðnum?

Fram kom í máli Ingibjargar Jónasdóttur að Guðný Helgadóttir, lögsögumaður er boðuð á stjórnarfundinum en ekki er um skyldumætingu að ræða. Guðný mun mæta á framkvæmdaráðsfundinn á morgun. Miklar lagabreytingar eru í gangi og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir verður áfram í laganefnd. Anna Þóra Baldursdóttir, fyrrverandi landssambandsforseti DKG gat þess að Eygló Björnsdóttir, vefstjóri DKG og formaður Beta- deildar hefði óskað eftir því að mæta á stjórnarfund/ina – hana vantar meiri tengingu við stjórnina. Hún upplifir sig einangraða. Ingibjörg Jónasdóttir nefndi að hún hefði áhuga á að tengja betur saman ritara og vefstjóra. Vefstjóri er boðaður á framkvæmdaráðsfund – þetta verður skoðað og unnið áfram í samvinnu við Eygló. Nánar verður fjallað um vefinn í framkvæmdaáætlun. Tekið var fram að Eygló hefur verið mjög ötul við vef-vinnu sína.

Ingibjörg Jónasdóttir sagði stjórn ætti að hittast 4 sinnum á ári. Fyrsti stjórnarfundurinn er núna, 21. ágúst og næstu verða í okt., jan. og 16. apríl (daginn

fyrir vorþingið 2010). Hún hefur áhuga á að bjóða fyrrverandi forsetum og formönnum deilda að líta inn í lok fundar þann 16. apríl. Spurning hvort hægt sé að nota skýpið til samskipta. Anna Þóra Baldursdóttir sagði að mikil tölvusamskipti hefðu verið á milli stjórnarkvenna í síðustu stjórn og í tölvupósti væru teknar ákvarðanir. Hún spurði hvort færa ætti þær ákvarðanir til bókar? Það er erfitt í framkvæmd en Anna Þóra Baldursdóttir hefur áhyggjur af málinu. Spurning hvort ritari drægi samskiptin saman á ákveðnum tímapunktum. Ingibjörg Auðunsdóttir, ritari lagði til að formaður nýtti vald sitt og tæki viðeigandi ákvarðanir þannig mætti koma í veg fyrir óþarflega löng og mikil samskipti í tölvupósti. Anna Þóra Baldursdóttir lagði til að gefinn yrði ákveðin tímamörk t.d. á ákvarðanir og athugasemdir sem fara fram í tölvupósti. Ef engar athugasemdir koma innan tímamarka þá er málið samþykkt. Steinunn Ármannsdóttir, meðstjórnandi lagði til að á fyrra ár stjórnarinnar hittust stjórnarkonur oftast en fjórum sinnum.

2. Nefndir

Ingibjörg Jónasdóttir bað stjórnarkonur um ábendingar um fulltrúa í hinar ýmsu nefndir samtakanna. Búið er að kjósa í sumar nefndir en eftir að skoða aðrar. Nokkrar konur hafa verið tilnefndar en ekki er búið að tala við þær allar. Hún bað stjórnarkonur um að hugsa málið og senda tillögur sem hún gæti unnið áfram með. Stefnt er að því að ljúka tilnefningum í allar nefndir í lok mánaðarins. Ingibjörg Jónasdóttir vill hafa einn stjórnarfund í vetur um erlent samstarf.

Fram kemur að lítið er sótt um styrki til námsstyrkjanefndar af DKG konum – það á líka við um Evrópu. Ingibjörg Auðunsdóttir spurði hvort eitthvað væri hægt að hreyfa til viðmið. Jóhanna Þorsteinsdóttir, sem setið hefur í námstyrkjanefnd, setti niður punkta um námsstyrkjanefnd. Hægt er að nálgast punktana hjá Önnu Þóru Baldursdóttur.

Ingibjörg Jónasdóttir sýndi tvo nýja bæklinga frá alþjóðasamtökunum. Annar tekur á innra starfi samtakanna, hinn á ytra starf. Hugsanlega getum við notað ensku bæklinga til kynningar á samtökunum á Íslandi.

3. Evrópuþingið í Osló

Anna Þóra Baldursdóttir mun segja frá þinginu á morgun á framkvæmdaráðsfundinum. Ingibjörg Jónasdóttir lagði áherslu á mikilvægi alþjóðlegs samstarfs og að DKG-konur tæki þátt í því. Hana langar til að stuðla að því að konur taki meiri þátt í alþjóðasamstarfinu og sagði að framlag íslensku þátttakendanna hafi verið mjög frambærilegt á þinginu, íslensku konurnar voru flottar. Á þinginu í Osló voru 5 íslenskar konur með smíðju og Sigrún Klara var auk þess þátttakandi í pallborðsumræðum. Þingið sátu 14 konur frá Íslandi. Næsta Evrópuþingið verður í Svartaskógi.

4. Fundur Landssambandsforseta Evrópuríkja

Ingibjörg Jónasdóttir sagði frá fundi Landssambandsforseta Evrópuríkja - Leaderships Training. Á námskeiðinu fékk hún afhenti tvö eintök af möppunni „2009 Leadership Development Conferences“ með ýmiskonar upplýsingum. Önnur mappan er hjá Ingibjörg Jónasdóttur og hin er í vörslu ritara. Í möppunni er mikið efni – góð blanda af praktískum upplýsingum frá alþjóðasamtökunum og leiðtoganámskeiðsefni. Leitaðu að hinu góða í þér – var þema í gegnum allt námskeiðið. Allt uppbyggilegt og gott og hefur Ingibjörg Jónasdóttir áhuga á því að miðla því áfram.

5. Þema frá alþjóðasambandsforseta

Vision to action – frá sýn til framkvæmda. Þetta var einnig yfirskrift námskeiðsins og Evrópuráðstefnunnar og mun fylgja okkur alla vega þetta árið.

6. Framkvæmdaáætlun fyrir 2009-2011

Framkvæmdaáætlunin verður lögð fram á framkvæmdaráðsfundi og eftir fundinn verði endanlega tekin ákvörðun um framkvæmdaatriði.

Ingibjörg Jónasdóttir kallaði eftir þemum frá deildum en ekki hefur svar borist frá öllum deildum. Ekki er skylda að vera með þemu en gott samt. Deildir geta verið að vinna að mörgum þáttum í einu á starfsárinu.

Ingibjörg Jónasdóttir lagði fram framkvæmdaáætlun starfstímabilið 2009-2011 – plaggið má hreyfa til. Að hluta er verið að fylgja alþjóðasamtökunum en við getum búið til okkur eigið þema.

7. Framkvæmdaráðsfundur 22. ágúst 2009

Farið yfir dagskrána, sjá dagskrá.

8. Önnur mál

Viðurkenningar til samfélagsins: Ingibjörg Jónasdóttir lagði fram þá hugmynd að hver deild skoðaði sitt umdæmi og dragi fram góð dæmi og áhugaverð verkefni og vekti athygli á þeim. Ef allar deildir gerðu eitthvað – þá eru þetta 10 verkefni. Allar stjórnarkonur sammála að þetta væri áhugavert. Mörg dæmi um góð vinnubrögð í skólum.

Liður 2. Þema landssambandsins „Góðir hlutir gerast“ verður tekið fyrir á Vorþingi og voru allir sammála því.

Upplýsingamál

Félagatalið er komið á vefinn en stjórnin þarf að ræða hvort það á að vera í þessu formi og hvernig á að viðhalda því. Hvernig förum við að því að kynna það sem við erum að gera? Þetta er spurning sem stjórn vísar til vinnustofu um upplýsingamál í september.

Sjö styrkbeiðnir hafa komið frá þátttakendum sem fóru á Evrópuþingið í Osló. Árið 2005 bókaði stjórnin styrki að upphæð 20 eða 40 þús. kr. Styrki fyrir þær sem eru með smiðju eða fyrirlestra. Þær sem voru með framsögu voru: Anna Þóra Baldursdóttir með fyrirlestur, Eygló Björnsdóttir var með námskeið, Helga Thorlacius var á Forum, Jóhanna Einarsdóttir var með fyrirlestur, Ingibjörg Einarsdóttir var með fyrirlestur, María Steingrímsdóttir var með fyrirlestur, Sigrún Klara var með málstofu og sat í panel.

Ingibjörg Jónasdóttir nefndi að samtökin þyrftu að búa til leiðtoganámskeið og sækja um styrk til alþjóðasamtakanna vegna þess. Spurning hvort við ættum að fá einhvern að utan til að taka þátt. Anna Þóra Baldursdóttir sagði að Sigrún Jóhannesdóttir hefði verið tilbúin og tilnefnd til að tengjast alþjóðasamtökunum með þennan þátt.

Ingibjörg Auðunsdóttir, ritari